

66
26. maí

c) Því sem fram yfir er 300 krónur, ráðstafar stjórnarnefnd sjóðsins í þarfir barnaskóla á Seltjarnarnesi eða barnafræðslu þar, eftir því sem hún telur heppilegt vera.

4. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins gefur árlega sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu skýrslu um hag sjóðsins.

Reykjavík, 22. janúar 1919.

Magnús Jónsson,
sýslumaður.

Jóhann Þorkelsson
(dómkirkjuprestur).

Guðmundur Olafs
(oddviti).

67
27. maí

Ánglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á

lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,

14. desember 1908, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

»Síðasta málsgrein 7. gr. samþykktarinnar falli burtu, en í stað hennar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sést drukinn á almannafæri, og hver, sem verður sekur um það, skal sæta sektum, er ekki séu lægri en 50 kr.»

Ákvæði þetta öðlast gildi 1. júní 1919.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 27. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Björn Þórðarson
settur.